



**Alþingi**  
**Erindi nr. P 135/1780**  
**komudagur 12.3.2008**

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Húnavöllum 6. mars. 2008.

**Efni: Umsögn um frumvarp til skipulagslaga, þskj. 616 – 374. mál.**

Í síðustu málsgrein 10. gr. frumvarpsins um landsskipulagsáætlun, segir eftirfarandi:  
*Landsskipulagsáætlun sem felur í sér stefnu um landnotkun er bindandi við gerð skipulags samkvæmt lögum þessum og skulu sveitarfélög endurskoða staðfest skipulag sitt í samræmi við áætlunina við næstu endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins en þó eigi síðar en innan fjögurra ára frá samþykkt hennar.*

**Hreppsnefnd Húnavatnshrepps gerir athugasemd við það að hér virðist eiga að taka skipulagsvaldið af sveitarfélögunum og færa til ráðherra.**

Í 4. grein frumvarpsins um Skipulagsstofnun og hlutverk hennar, segir eftirfarandi:  
*a. að hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim.  
e. að láta í té umsagnir um ágreiningsmál á sviði skipulagsmála.  
i. að framfylgja ákvæðum laga um mat á umhverfisáfrifum.*

Í 11. gr. frumvarpsins um málsmeðferð landsskipulags kemur fram í fyrstu málsgrein,  
*að Skipulagsstofnun sé falið að vinna drög að landsskipulagsáætlun.*

**Hreppsnefnd Húnavatnshrepps gerir athugasemd við það að hér sé verið að færa Skipulagsstofnun óþarflega mikið vald, að stofnunin sé bæði að vinna í skipulagsgerð og hafa eftirlit með og úrskurða í eigin gjörðum. Ekki verður annað séð en þetta veiki skipulagsvald sveitarfélaga og geri þeim erfiðara fyrir að framfylgja sínum áherslum í skipulagsmálum, séu þær áherslur á einhvern hátt andstæðar Skipulagsstofnun.**

Ofanrituðu er hér með komið á framfæri.

Með bestu kveðju,

F.h. Húnavatnshrepps

  
Sveitarstjóri, Jens P. Jensen